

Nd.

**357. Nefndarálit**

[148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Með lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, voru mörkuð þáttaskil í starfsemi sjóðsins. Sjóðnum var þá tryggður nýr tekjustofn, 0,4% gjald, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu og lagt er á sama stofn og aðstöðugjald til sveitarfélaga. Sett voru fyllri ákvæði um lántökuheimildir sjóðsins og endurlán. Þá var starfssvið hans aukið, þar sem gert var ráð fyrir að veita úr sjóðnum lán til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og endurskipulagningar iðnaðarfyrirtækja, auk véla- og tækjakaupa. Upphæð lána var ákveðin allt að 60% kostnaðarverðs og ýtarleg ákvæði sett um það, gegn hvaða tryggingum lán skyldu veitt.

Hinar auknu tekjur sjóðsins og notkun lántökuheimildarinnar hefur gert honum kleift að stórauka útlán sín, en á s. l. ári námu þau samtals rúmlega 58 millj. kr.

Með frv. á þingskjali 314, sem flutt er af hæstv. ríkisstjórn, er enn stefnt að því að efla Iðnlánasjóð. Þar er lagt til að hækka framlag ríkissjóðs til sjóðsins úr 2 millj. kr. í 10 millj. kr., í fyrsta sinn árið 1967, og hækka hina almennu lántökuheimild úr 100 millj. kr. í 150 millj. kr. Þá er lagt til að veita lánsheimild, 100 millj. kr., í sambandi við fyrirhugaðan flokk hinna svonefndu hagræðingarlána, en þeim er ætlað að koma til viðbótar almennum lánveitingum sjóðsins. Verða þau lán væntanlega með hagstæðari kjörum fyrir lántakendur.

Iðnaðarnefnd hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en þrír nefndarmanna, þeir GíslG, ÞÞ og EðS, áskilja sér rétt til þess að fylgja breytingartill., er fram kunna að koma.

Alþingi, 21. marz 1966.

Jónas G. Rafnar,  
form., frsm.  
Þórarinn Þórarinsson.

Sig. Ingimundarson,  
fundaskr.  
Gísli Guðmundsson.  
Matthías Á. Mathiesen.

Eðvarð Sigurðsson.  
Sigurður Ágústsson.